

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2001 frá 28. september 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/2001 frá 22. maí 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 805/1999 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 R 0997:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/2001 frá 22. maí 2001 (Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 18).“

2. gr.

Texti reglugerðar 997/2001/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 35 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 18.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.